



Reykjavík, 11. nóvember 2021
SFS2019100055
221. fundur

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi fjölda nemenda í tónlistarskólum

Á 172. fundi skóla- og frístundaráðs, 8. október 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er uppfærðra upplýsinga um fjölda nemenda í tónlistarskólum sundurliðað eftir skólum og hverfum og hversu mörgum nemendum Reykjavíkurborg greiðir með í hverjum skóla fyrir sig.

Svar:

Svarið er miðað við haustið 2021 og skráningu tónlistarnemenda í Rafræna Reykjavík.

Fjöldi nemenda í tónlistarskólum eftir tónlistarskólum


Heildarfjöldi nemenda í tónlistarskólum í Reykjavík er 2587 nemendur á öllum stigum (neðra stig, mið stig og efra stig) tónlistarnámsins. Heildarfjöldi nemenda á öllum stigum tónlistarnámsins sem eru skráðir með lögheimili í Reykjavík er 2373 manns. Taflan sýnir sundurliðun nemenda eftir tónlistarskólum. Í þessari töflu eru 5 nemendur sem ekki eru skráðir með lögheimili í Rafrænni Reykjavík taldir með reykvískum nemendum.

Nafn tónlistarskóla:	Heildarfj. nem.	Nem. m. lögh.Rvk
Allegro Suzukitónlistarskóli	87	76
Do re mi	127	123
Domus Vox	129	102
Gítarskóli Íslands	97	95
Nýi tónlistarskólinn	164	154
Píanóskóli Þorsteins Gauta	56	50
Suzukitónlistarsk. í Reykjavík	159	155
Söngskóli Sigurðar Demetz	120	92
Söngskólinn í Reykjavík	80	62
Tónlistarskóli Árbæjar	146	144
Tónlistarskóli FÍH	72	61
Tónlistarskólinn í Grafarvogi	213	210
Tónmenntaskóli Reykjavíkur	176	175
Tónskóli Eddu Borg	133	132
Tónskóli Hörpunnar	107	105
Tónskóli Sigursveins	593	568
Tónstofa Valgerðar	128	74
Heildarsumma	2587	2378

Inni í þessum tölum eru nemendur á öllum námsstigum tónlistarnámsins. Jöfnunarsjóður greiðir með nemendum á efri stigum tónlistarnámsins, en umfang þess er töluvert í Reykjavík eða um 50% af heildarkennslumagni vegna efri stiga í landinu.

Fjöldi nemenda í tónlistarskólum sundurliðað eftir póstnúmerum

Í fyrirspurninni er einnig beðið um sundurliðun eftir hverfum. Áður hefur fyrirspurnum verið svarað á grundvelli póstnúmera en einnig hefur verið beðið um sundurliðun eftir hverfum sem hver grunnskóli þjónar. Hér er brugðið á það ráð að gera hvort tveggja. Póstnúmerin 102 og 103 eru lögð saman í þessari töflu.



Hversu mörgum nemendum Reykjavíkurborg greiðir með í hverjum skóla fyrir sig?

Stutta svarið við spurningunni um hvað borgin greiðir með mörgum nemendum í tónlistarnámi á neðri stigum er að 2022 nemendur njóta rekstrarstyrkja samkvæmt samningum við borgina. Rekstrarstyrkur er ekki greiddur með einstökum nemendum heldur er framlagið byggt á umsömdu kennslumagni til hvers skóla.

Fjöldi nemenda í tónlistarskólum sem eru á námsstigi sem njóta rekstrarstyrkja frá Reykjavíkurborg haustið 2021.

Skóli (Tónlistarskólanafn)	Grunn- & miðnám
Tónskóli Sigursveins	526
Tónlistarskólinn í Grafarvogi	212
Tónmenntaskóli Reykjavíkur	171
Tónskóli Eddu Borg	134
Tónstofa Valgerðar	133
Do Re Mi	128
Tónlistarskóli Árbæjar	126
Suzukitónlistarsk. í Reykjavík	103
Gítarskóli Íslands	98
Allegro Suzukitónlistarskóli	87
Nýi tónlistarskólinn	76
Söngskóli Sigurðar Demetz	67
Domus Vox	49
Tónskóli Hörpunnar	43
Píanóskóli Þorsteins Gauta	42
Söngskólinn í Reykjavík	27
Heildarsumma	2022